





Borgarnes

Grundartangi

Akranes

Reykjavík

Ég horfi á hafið  
sé þig hverfa  
aldan hún brýtur  
hvern stein í senn.

Horfinn á hafið  
hljóður draumur  
seitlar í hugann  
dropi í senn.

Tíminn líður  
eldurinn logar  
hafið ei þrýtur  
af neinu sem er

*Sveinrún*  
1981 -




Frumkvæði einstaklingsins, hugvit og áráðni til verka er að birtast í sinni skýrustu mynd á hafnarsvæðinu. Gamla höfnin hefur þegar tekið á sig nýja mynd þar sem fjölbreytni og skapandi starfsemi er að taka við af lokuðum beitingarskúrum og lítið notuðum verbúðum. Grunnhugmyndin var að ýta undir sérstöðu svæðisins. Víða í borgum má finna gömul hafnarsvæði sem er

ánægjulegt að koma til en sem hafa tapað uppruna sínum og tilgangi sem lifandi vinnuhafnir. Þær eru meira í anda opinna safna og njóta oft mikilla vinsælda. En það er ekki sú stefna sem mótuð hefur verið varðandi gömlu höfnina í Reykjavík. Hún er útgerðar- og vinnuhöfn og sinnir enn mikilvægu hlutverki í atvinnulífi borgarinnar. Fyrir gesti og gangandi blasir við uppruni útgerðar og fiskvinnslu og er áminning um grunnatvinnuveg þjóðarinnar og náttúruleg gæði hafnarinnar. Hvalaskoðunarbátar, veitingahús, listasmíðjur, söfn og menningarhús blandast hefðbundinni atvinnustarfsemi svæðisins. Nýi og gamli tíminn tvinnast saman og skapa einstakt umhverfi.

Það er við slíkar aðstæður sem hið óvænta getur gerst. Hugmyndahúsið er með starfsemi sína í falletum húsakynnum gamals útgerðarfyrirtækis og Faxaflóahafnir, sem vilja ýta undir skapandi starfsemi, sýndu sinn vilja í verki með því að lána Hugmyndahúsinu stóra skemmu, Bakkaskemmuna, en hún hafði þá staðið auð í nokkra mánuði. Þar sem áður var netagerð er nú verið að vinna að nýsköpun og undirbúa sprotafyrirtæki af miklum krafti.

Hugmyndasamkeppni um skipulag gömlu hafnarinnar og Örfirisey byggir á svipuðum hugmyndum um blöndun byggðar. Uppbygging íbúða og atvinnufyrirtækja við jaðar miðborgarinnar mun styrkja hana og stækka. Með nýju skipulagi mun mörgum borgarbúum verða skapað tækifæri til að búa miðsvæðis umlukin hreinu sjávarlofti og útsýni yfir Faxaflóann.

Gamla höfnin sem um aldir var sjálft „Íslandshliðið“ gagnvart umheiminum er ekki að gefa eftir sitt leiðandi hlutverk.




Víða um heim hafa hafnir fengið að kenna á efnahagskreppu ekki síður en á Íslandi. Tölur sýna að flutningar hafa dregist saman hjá mörgum stærstu höfnum í heimi um 20 – 30%. Þess er ekki að vænta að fyrri umfangi verði náð á skömmum tíma heldur reiknað með að batinn verði hægur og yfir

langan tíma. Þetta er rétt að hafa í huga varðandi flutninga um Faxaflóahafnir sf., sem minnkuðu verulega á milli árunna 2008

og 2009. Tekjur Faxaflóahafna sf. af vörugjöldum lækkuðu um 19% á milli ára, umfang gámaflutninga minnkaði um 33.100 TEU-eingar eða um 12.4%, en samdrátturinn frá árinu 2007 er um 57.700 TEU-eingar eða um 20%. Samhliða þessari þróun er vandinn sá að lóðaeftirspurn er nánast engin og nánast alkul hjá fyrirtækjum sem við eðlilegar aðstæður leita eftir athafnarými á hafnarsvæðum. Reyndar hafa Faxaflóahöfnum sf. borist fjöldi fyrirspurna frá erlendum fyrirtækjum í ýmis konar starfsemi, án þess þó að sá áhugi hafi leitt samninga. Nú er það fiskurinn sem augu fólks beinast að en aukning í afla og aflagjöldum er það sem gleður augað auk þess sem ágætlega hefur gengið varðandi komur skemmtiferðaskipa með tilheyrandi fjölgun farþega.

Það er víða þungt fyrir fæti í rekstri fyrirtækja, en þrátt fyrir tekjulækkun og aðhaldsaðgerðir í rekstri þá er afkoma Faxaflóahafna sf. á árinu 2009 viðunandi. Fyrirtækið var rekið með nokkrum hagnaði og því ekki hægt að barma sér þegar tekið er mið af rekstri margra annarra fyrirtækja á Íslandi. Eflaust vona allir að botninum sé náð og vonandi að íslensk bjartsýni dragi vagninn í rétta átt á komandi mánuðum. Öllum er þó ljóst að framundan er langur og torfarinn vegur til efnahagsbóta og aukinna umsvifa fyrirtækja. Með sama hætti og í erlendum höfnum má því búast við að fyrri umsvifum verði ekki náð á skömmum tíma, en vonandi fara að sjást merki um jákvæða þróun í almennum flutningum, sem eru merki þess að umsvif fyrirtækja og einstaklinga fari vaxandi. Þessi veruleiki kallar á þolinmæði í bland við bjartsýni um að okkur miði í rétta átt. Faxaflóahafnir sf. hafa nýtt síðast liðin tvö ár til undirbúnings ýmissa verkefna þannig að fyrirtækið er vel í stakk búið að hrinda af stað verkefnum þegar aðstæður kalla eftir. Þetta á við þróunarverkefni í Sundahöfn og á Grundartanga þar sem stór hluti efnahagslífs þjóðarinnar hefur aðsetur og þetta á einnig við um landþróun og verkefni í Gömlu höfninni, á Akranesi og í Borgarnesi.

Nú eru fimm ár liðin frá því að eigendur Reykjavíkurhafnar, Akraneshafnar, Borgarneshafnar og Grundartangahafnar ákváðu að stofna sameignarfélag um hafnarrekstur við Faxaflóann. Skynsamlegt er að eigendur fyrirtækisins meti reynslu liðinna ára og setji sér markmið til næstu fimm ára um uppbyggingu og framkvæmdir á vegum fyrirtækisins. Undirritaður er eindregið þeirrar skoðunar að í öllum aðalatriðum hafi vel tekist til um sameiningu hafnanna og að skynsamlegt hafi verið að horfa á þessa innviði samfélagsins sem eina heild burt séð frá sveitarfélagamörkum. Halda má því fram að allir eigendur Faxaflóahafna sf. hafi haft hag af sameinuðu fyrirtæki, en miklu skiptir að til næstu framtíðar verði áfram skörp sýn á hvert skuli stefna. Með skýra framtíðarsýn munu Faxaflóahafnir sf. gegna mikilvægu hlutverki í sköpun aðstöðu fyrir atvinnulíf á starfssvæði fyrirtækisins, sem aftur kemur eigendum þess til góða í fjölgun starfa. Með það að leiðarljósi ratar efnahagslífið vonandi til betri vegar.





# Skýrsla stjórnar Faxaflóahafna sf. og hafnarstjóra á ársfundi Faxaflóahafna sf. 23. júní 2010.

## Inngangur

Þrátt fyrir samdrátt og efnahagslega óvissu gekk rekstur Faxaflóahafna sf. ágætlega á árinu 2009. Í kjölfar efnahagshruns á árinu 2008 var einsýnt að árið 2009 yrði fyrirtækjum almennt þungt í skauti og varð sú reyndin. Þeir erfiðleikar settu mark sitt á starfsemi Faxaflóahafna sf. og drógu allnokkuð úr tekjum og umsvifum, en hófleg skuldsetning fyrirtækisins og varkárni í áætlanagerð hefur skilað ásættanlegri niðurstöðu frá rekstri. Á árinu 2009 voru skipulagsmál Gömlu hafnarinnar talsvert í brennidepli og ber þar hæst hugmyndasamkeppni um skipulag svæðisins, en niðurstaða hennar var kunngerð í nóvembermánuði. Unnið var að undirbúningi frekari þróunar Sundahafnar, en ljóst er að breytt umfang flutninga leiðir til lengri framkvæmdatíma en áður var fyrirhugað. Sama má segja um lóðagerð og landþróun á Grundartanga, en þrátt fyrir efnahagslægð hafa verkefni í Sundahöfn, á Grundartanga, í Gömlu höfninni og á Akranesi verið undirbúin og Faxaflóahafnir sf. því vel í stakk búna að taka til hendinni þegar úr rætist og eftir því sem umfang á hverjum stað kallar á nauðsynlegar framkvæmdir. Þróun hafnarsvæða byggir á langtímahugsun og tímabundin niðursveifla og samdráttur í framkvæmdum gefur tækifæri til undirbúnings og skipulagningar.

Öllum er ljóst það mikilvægi sem hafnasvæði hafa fyrir efnahagslíf hvers samfélags. Gamla höfnin er enn sem fyrr mikilvæg fiskihöfn og þjónustuhöfn auk þess sem hlutur ferðaþjónustu fer vaxandi. Sundahöfn er megin inn- og útflutningshöfn landsins auk þess sem þar fara um tugþúsundir farþega skemmtiferðaskipa. Á Grundartanga er mikilvægt atvinnu- og iðnaðarsvæði sem byggir á flutningum á sjó. Akraneshöfn er enn mikilvæg fiskihöfn þó svo að samdráttur hafi orðið þar í löndun. Aðalsmerki þessara svæða er sú aðstaða og þau tækifæri sem felast í góðri hafnaraðstöðu og með batnandi efnahag munu þau áfram skipta samfélagið verulegu máli ekki síst varðandi atvinnusköpun.

### Eignaraðilar Faxaflóahafna sf. og eignarhlutir þeirra eru eftirfarandi:

<b>Reykjavíkurborg</b>	<b>75,00%</b>
<b>Akraneskaupstaður</b>	<b>10,70%</b>
<b>Hvalfjarðarsveit</b>	<b>9,24%</b>
<b>Borgarbyggð</b>	<b>4,84%</b>
<b>Skorradalshreppur</b>	<b>0,22%</b>

## Stjórn fyrirtækisins

Á aðalfundi Faxaflóahafna sf. í maí 2009 voru eftirtaldir aðilar skipaðir í stjórn fyrirtækisins:

### Reykjavíkurborg:

Aðalmenn: Júlíus Vífill Ingvarsson, **formaður**  
 Guðmundur Gíslason, **varaformaður**  
 Jórunn Frímannsdóttir  
 Þorleifur Gunnlaugsson  
 Dagur B. Eggertsson

Varafulltrúar: Ólafur R. Jónsson  
 Halldór Guðmundsson  
 Sigrún Magnúsdóttir  
 Björk Vilhelmsdóttir  
 Oddný Sturludóttir

Á árinu urðu þær breytingar að Björk Vilhelmsdóttir tók sæti aðalfulltrúa í stjórninni en Dagur B. Eggertsson til vara og Sóley Tómasdóttir tók sæti aðalfulltrúa í stað Þorleifs Gunnlaugssonar.

### Akraneskaupstaður:

Aðalfulltrúi: Þórður Þórðarson,  
 Varafulltrúi: Sæmundur Víglundsson,  
 Áheyrnarfulltr. Rún Halldórsdóttir.

### Hvalfjarðarsveit:

Aðalfulltrúi: Hallfreður Vilhjálmsson,  
 Varafulltrúi: Stefán G. Ármannsson.

### Borgarbyggð:

Aðalfulltrúi: Páll Snær Brynjarsson,  
 Varafulltrúi: Sveinbjörn Eyjólfsson.

Á árinu varð sú breyting að Jenný Lind Egilsdóttir tók sæti Sveinbjörns Eyjólfssonar sem varamaður.

### Áheyrnarfulltrúi starfsmanna Faxaflóahafna sf.

Aðalfulltrúi: Gils Friðriksson,  
 Varafulltrúi: Helgi Magnússon.



## Afkoma ársins 2009

Niðurstaða ársreiknings Faxaflóahafna sf. lýsir nokkuð vel þeirri óvissu sem almennt var við að glíma á árinu 2009. Áætlanagerð var torveld þar sem veigamiklar forsendur voru um margt óljósar og horfur almennt slæmar. Afkoma Faxaflóahafna sf. árið 2009 er hins vegar viðunandi þegar horft er til þess að innflutningur var nánast í frjálsu falli, þróun verðlags engan veginn í takt við það sem spáð hafði verið og eftirspurn fyrirtækja eftir athafnalóðum í lágmarki. Í ljósi þeirrar stöðu var stuðst við mjög varfærna tekjuspá og sérstaks aðhalds gætt varðandi rekstrargjöld. Í heildina er því afkoma Faxaflóahafna sf. árið 2009 betri en áætlanir gerðu ráð fyrir en augljós merki samdráttar má sjá miðað við afkomu og umsvif fyrri ára. Afar lágt gengi íslensku krónunnar leiddi hins vegar til þess að tekjur af aflaggjöldum hafa á liðnum árum ekki verið hærrí í krónum talið. Við endurskoðun fjárhagsáætlunar ársins 2009 á haustdögum voru gerðar ýmsar breytingar á tekju- og rekstrarliðum og í heildina gert ráð fyrir að rekstrarafgangur yrði neikvæður um 6,3 mkr., en niðurstaða ársins er 103,9 mkr. í hagnað. Auk þess sem tekjulíðir voru umfram áætlanir ber að þakka starfsfólki Faxaflóahafna sf. fyrir snörp viðbrögð og aðhald varðandi útgjöld fyrirtækisins.

Rekstrartekjur Faxaflóahafna sf. árið 2009 voru kr. 2.271.161.744 og lækka á milli ára um 324,6 mkr. sem nemur 12,5% lækkun. Tekjur voru hins vegar umfram áætlun sem nemur 176,3 mkr. Verulegur samdráttur varð í innflutningi og nemur tekjufallið á milli ára 170,2 mkr. eða sem nemur 18,5%. Tekjur af aflaggjöldum voru 184,5 mkr. og hærrí en nokkru sinni á síðustu árum, en megin skýring þess eru áhrif mjög lágs gengis íslensku krónunnar á aflaverðmæti. Þá hækkuðu eignatekjur á milli ára um 74,6 mkr. Megin skýringin felst í hækkuð fasteignamat lóða og auknum tekjum af lóðaleigum í tengslum við uppgjör á leigum fyrir stóriðjulóðir á Grundartanga. Einnig koma til auknar húsaleigutekjur vegna eigna við Kleppsmýrarveg og við Korngarð.

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2009 voru kr. 2.003.964.253 og lækka á milli ára um 196,3 mkr. Í því efni verður þó að taka tillit til óreglulegra útgjalda fyrirtækisins árið 2008 vegna gjafar til Sjóminjasafnsins á Grandagarði 8, sem var gjaldfærð á 208,9 mkr. Að teknu tilliti til þess er rekstur ársins 2008 liðlega 12,0 mkr. hærrí en árið 2009.

Hagnaður fyrir fjármagnsliði var 267,2 mkr., en gert hafði verið í áætlun ráð fyrir 119,7 mkr. hagnaði. Þessi afkoma árið 2009 er nokkru lakari en árið 2008 þegar hagnaður fyrir fjármagnsliði var 395,5 mkr. Hagnaður eftir fjármagnsliði er 103,9 mkr., en eins og fyrr er getið gerði fjárhagsáætlun ráð fyrir neikvæðri afkomu um 6,3 mkr.

Fastafjármunir voru í árslok 11,7 ma.kr. og hækkuðu á milli ára um 2,5%. Langtímaskuldir Faxaflóahafna sf. voru í árslok 1.663,7 þús. kr. og hækka um 44,3 mkr. vegna verðlagsbreytinga auk þess sem næsta árs afborgun lækkar verulega á milli ára. Skammtímaskuldir lækkuðu hins vegar um 228,5 mkr.

Skuldir alls voru í árslok 2.155,8 mkr. en voru í árslok 2008 alls 2.338,1 mkr. Lækkun á milli ára er 182,4 mkr. sem nemur 8,5%. Handbært fé frá rekstri lækkaði á milli ára um 361,7 mkr. og var 848,3 mkr. Engin lán voru tekin til rekstrar eða fjárfestinga á árinu 2009. Að teknu tilliti til fjárfestingahreyfinga lækkaði handbært fé um 222,2 mkr. og var í árslok 388,3 mkr.

Við endurskoðun ársins 2009 var m.a. farið gaumgæfilega yfir eignafærslur Faxaflóahafna sf. vegna lóðagerðar og landþróunar. Það er mikilvæg forsenda að kostnaður sem lagður er í lóðagerð skili sér til baka í sölu byggingarréttar. Á árinu 2010 verður gerð kostnaðar- og tekjuáætlun fyrir lóðir og fyrirhugaðar lóðir á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. þannig að við sölu byggingarréttar verði lóðaverð í takt við fjárfestinguna í lóðum, götum og lögnum.

## Framkvæmdir ársins 2009

Skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum er eftirfarandi:

<b>Gamla höfnin</b>	<b>189.5 mkr.</b>	<b>16.8%</b>
<b>Sundahöfn</b>	<b>772.0 mkr.</b>	<b>68,5%</b>
<b>Grundartangi</b>	<b>149.8 mkr.</b>	<b>13,3%</b>
<b>Akranes og Borgarnes</b>	<b>2.8 mkr.</b>	<b>0,3%</b>
<b>Annað</b>	<b>11.9 mkr.</b>	<b>1,1%</b>
<b>Alls</b>	<b>1.125 mkr.</b>	<b>100%</b>

Í Gömlu höfninni var haldið áfram land- og lóðagerð á Mýrargötu- og Slippasvæði. Ljóst er að uppbygging á því svæði mun ekki hefjast að marki á næstu árum, en mikilvægt er að ljúka þeim áföngum sem unnt er þannig að ásýnd svæðisins verði til sóma. Unnið var á vesturhluta svæðisins og lokið við lóðargerð á því svæði auk þess sem unnið var að mótun strandar og frágangs.

Í Sundahöfn var unnið að dýpkunarverkefni og efnisskiptaskurði utan Klepps, sem er forsenda þess að unnt verði að lengja Skarfabakka og byggja viðeigandi viðlegumannvirki í stað viðlegumannvirkja í Vatnagörðum. Þá var lokið við framkvæmdir í tengslum við lengingu Vogabakka. Ljóst er að breytt umfang flutninga mun hægja á framkvæmdaþörf á þessu svæði, en áfram verður unnið að landgerð og skipulagningu svæðisins.

Á Grundartanga var lokið við endurnýjun svonefnds Katanesveggar og lokið við fyrsta áfanga lóðagerðar við Klafastaðaveg. Af hálfu Vatnsveitufélags Hvalfjarðar, sem er að jöfnu í eigu Faxaflóahafna sf. og Hvalfjarðarsveitar, var haldið áfram undirbúningi vatnsveitumála, sem til lengri tíma er mikilvægt að koma í viðunandi horf. Þá var hafin vinna við ákveðin umhverfisverkefni á Grundartanga m.a. í samvinnu við Hvalfjarðarsveit með gróðursetningu og þökulögnum.





## Skipulagsverkefni 2009

Eitt meginverkefni ársins 2009 í skipulagsmálum Faxaflóahafna sf. var framkvæmd hugmyndasamkeppni um Gömlu höfnina í Reykjavík. Samkeppninni var hleypt af stokkunum í júnímánuði 2009 og voru úrslit kynnt í nóvembermánuði. Alls var skilað inn 12 fullgildum tillögum í A-hluta keppinnar en 39 tillögur bárust í B-hluta hennar, en þar voru engin takmörk sett fyrir þá sem vildu koma að áhugaverðum tillögum varðandi svæðið. Dómnefnd og ráðgjafar hennar voru eftirfarandi:

Dómnefndarfulltrúar tilnefndir af verkkaupa:

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður dómnefndar, borgarfulltrúi, formaður skipulagsráðs og stjórnar Faxaflóahafna sf.  
Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi, í stjórn Faxaflóahafna sf.,  
Lena Helgadóttir, arkitekt FAÍ,  
Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna sf.

Dómnefndarfulltrúar tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

Þorvaldur S. Þorvaldsson, arkitekt FAÍ  
Valdís Bjarnadóttir, arkitekt FAÍ  
Harpa Stefánsdóttir, arkitekt FAÍ

Ritari dómnefndar var Ásdís Ingþórsdóttir, arkitekt FAÍ.  
Trúnaðarmaður samkeppinnar var Haraldur Helgason, arkitekt FAÍ, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands.

Ráðgjafar dómnefndar voru þessir:

Jórunn Ragnarsdóttir, arkitekt hjá Lederer+Ragnarsdóttir+Oei, Stuttgart, Þýskalandi,  
Ólöf Örvarsdóttir, arkitekt og skipulagsstjóri í Reykjavík,  
Vignir Albertsson, skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna sf.,  
Ólafur Bjarnason, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar.



**Dómnefndin var einhuga um niðurstöðu hugmyndasamkeppinnar og var hún þessi:**

**Fyrstu verðlaun:**

Höfundar:  
Graeme Massie Architects  
Edinborg, Skotlandi

**Önnur til þriðju verðlaun:**

Höfundar:  
Björn Ólafs, arkitekt  
François Perrot, arkitekt

**Athyglisverð tillaga / innkaup:**

Arkitektar:  
Arkibúllan ehf.

Í B-hluta samkeppinnar voru veitt 8 verðlaun í tveimur flokkum.

Á síðustu árum hafa miklar breytingar átt sér stað á svæði Gömlu hafnarinnar í Reykjavík, m.a. með byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpunnar, skipulagi á Mýrargötusvæðinu og þróun athafnalífs í Örfirisey. Mikilvægt er að vel takist til varðandi framtíðarskipulag, en hafnarstjórn samþykkti ákveðna framtíðarsýn áður en hugmyndasamkeppninni var hleypt af stokkunum. Þar segir:

*„Faxaflóahafnir sf.*

*Eitt af meginmarkmiðum með stofnun sameinaðs hafnarfyrirtækis þann 1. janúar 2005, sem tekur yfir hafnirnar í Reykjavík, á Grundartanga, á Akranesi og í Borgarnesi, var að tryggja að gáttir samfélagsins inn og út úr landinu verði svo víðar að ekki þrengi að þessum slagæðum efnahagsþjóðarinnar. Auk þess að tryggja jákvæð áhrif á umhverfi sitt með skynsamlegri nýtingu lands og hagkvæmri uppbyggingu innviða á sviði hafnarmála. Í viljayfirlýsingu sem myndar grunninn að stofnun Faxaflóahafna sf. er m.a. kveðið á um að Faxaflóahafnir sf. skuli skapa ný sóknarfæri í uppbyggingu þjónustu og atvinnurekstri á yfirráðasvæðum sínum.“*



SIGRUN

RE303

## Saga Gömlu hafnarinnar í Reykjavík

Allt frá árinu 1917 þegar Gamla höfnin í Reykjavík var tekin í notkun hefur hún verið í stöðugri þróun. Um áratugaskeið var hún meginvettvangur inn- og útflutnings Íslendinga, fiskihöfn og aðstaða útgerðar. Í árunna rás hefur hlutverk hennar breyst. Inn- og útflutningur hefur verið fluttur í Sundahöfn og hlutverk hafnarinnar sem fiski- og þjónustuhöfn fyrir skip hefur minnkað. Aðstaða útgerðar og fiskvinnslu er nú eingöngu í vesturhluta hafnarinnar, en viðgerðaraðstaða fyrir skip og báta er smám saman að flytjast burt. Á síðustu árum hefur hlutur skemmtiferðaskipa og útgerðar sem tengist ferðaþjónustu orðið sífellt stærri og meira áberandi. Á grundvelli þessarar þróunar og breyttrar landnotkunar umhverfis höfnina er nauðsynlegt að mæta breyttum viðhorfum og aðstæðum. Frá upphafi hefur Gamla höfnin verið mikilvægur hlekkur í borgarlífinu og hún náttengd miðborg Reykjavíkur og miðborgarlífinu. Þær breytingar sem orðið hafa á Kvosinni og höfninni hafa e.t.v. ekki hin síðari ár haldist fullkomlega í hendur og því er mikilvægt að skoða með hvaða hætti unnt er að haga starfsemi hafnarinnar þannig að hún styðji við þróun og uppbyggingu miðborgarinnar um leið og hún opnar fyrir eigin vöxt. Friðun og verndun sögulegra minja í Gömlu höfninni auk virðingar við ríka sögu hennar er hluti af framtíðarsýn Faxaflóahafna sf. Gott skipulag er því framtíðarsýn sem tekur tillit til umhverfis og nýtir fortíð og sögu til innblásturs.

Fyrr á öldum, áður en hafnarmannvirki voru byggð í Reykjavík, var víkin þar sem Gamla höfnin er nú aðkoma erlendra gesta. Síðar varð Gamla höfnin anddyri Íslands og höfuðborgarinnar og er mikil saga tengd ýmsum viðburðum í því sambandi. Mikilvægt er að framtíðarskipulag hafi ákveðna skírskotun til þeirrar sögu.

## Framtíðarsýn Faxaflóahafna sf

Framtíðarsýn Faxaflóahafna fyrir Gömlu höfnina í Reykjavík felst aðallega í að draga fram hina ólíku kosti sem hafnarsvæðið býr

yfir. Frá D–reit í austri og Örfirisey í vestri er fjölbreytt athafnalíf og landrými sem í felast sóknarfæri til þróunar og uppbyggingar. Gamla höfnin er hluti miðborgarinnar og þar má benda á leiðir til að fegra og auðga mannlífið. Úti í Örfirisey eru möguleikar á að móta nýja byggð með sérstæðu yfirbragði.

Skipulagsbreytingar og breytingar á atvinnulífi leiða til þess að nauðsynlegt er að vinna heildarskipulag fyrir svæðið.

Þyngri hafnarstarfsemi hefur verið að flytjast á önnur hafnarsvæði sem staðsett eru fjær miðborginni og eru betur fallin til slíkrar starfsemi svo sem Sundahöfn og Grundartangi. Þessi þróun er þegar hafin m.a. með nýju skipulagi í Austurhöfn og á Mýrargötu. Rekstur loðnu- og síldarbræðslu hefur lagst af og tilflutningur hefur orðið á löndun sjávarafila úr Austurhöfn í Vesturhöfn svo dæmi séu tekin.

Gera má ráð fyrir að léttari hafnarstarfsemi komi til með að eflast í Gömlu höfninni í náinni framtíð. Í þeim efnum má nefna aðstöðu fyrir trillur og smábáta og rekstur fiskimarkaðar sem tengist smábátaútgerð. Einnig má benda á starfsemi sem tengist ferðaþjónustu og tómsendum svo sem útgerð hvalaskoðunar- og stangveiðibáta. Þá hefur sportveiðibátum og skútum fjölgað mjög sem og veitingahúsum við höfnina. Veglegt sjóminjasafn opnaði fyrir nokkrum árum við Grandagarð og Tónlistar- og ráðstefnuhús er í byggingu í Austurhöfn. Gert er ráð fyrir því að siglingaklúbburinn Brokey setji upp aðstöðu sína við Ingólfsgarð. Varðskipið Óðinn og dráttarbáturinn Magni standa við safnabyrggjuna í tengslum við Sjóminjasafnið. Gert er ráð fyrir að smærri skemmtiferðaskip svo og innlend og erlend rannsóknarskip hafi aðstöðu á Miðbakka, í Austurhöfninni og við Ægisgarð.

Í Vesturhöfninni verði áfram gert ráð fyrir aðstöðu útgerðar og fiskvinnslu sem samræmist nýju umhverfi. Miðað er við að löndun úr frystiskipum og gámaflutningar því tengdu flytjist í framtíðinni þangað sem aðstaða fyrir slíkt er betri.

Samkvæmt aðalskipulagi á hverjum tíma hefur landnotkun við Gömlu höfnina miðast við hafnsækna starfsemi. Hugtakið „hafnsækna starfsemi“ var áður túlkuð þröngt þannig að eingöngu var litið til fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækja eða þjónustufyrirtækja sem nánast eingöngu voru í þjónustu sem tengdist sjávarútvegi eða sjóflutningum. Á undanförunum árum hefur ýmislegt breyst varðandi starfsemi einstakra fyrirtækja innan skipulagssvæðis Gömlu hafnarinnar og hefur sú breyting annars vegar átt sér stað með formlegri breytingu á skipulagi en hins vegar í tengslum við breytta starfsemi einstakra fyrirtækja sem eru á hafnarsvæðinu. Sem dæmi um þessa breytingu, þar sem skipulagi hefur verið breytt, má nefna svonefndan TRH-

reit og Mýrargötu- og slippareit, en varðandi hið síðarnefnda má benda á verulega breytta starfsemi fyrirtækja í Örfirisey, þar sem breytt starfsemi fyrirtækja byggir aðeins að hluta til á breyttu skipulagi svæðisins.

Talsverð umræða hefur verið um landfyllingar í Örfirisey til vesturs og breytt skipulag sem miðist við að þar geti risið íbúðabyggð. Ljóst er að gæta þarf að ýmsum þáttum í því efni. Rætt hefur verið um flutning olíubirgðastöðvar úr Örfirisey og telja Faxaflóahafnir sf. ástæðu til að skoða kosti og galla þess, bæði er varðar framtíðarskipulag svæðisins sem og í samhengi við borgarmyndina. Ljóst er að staðsetning olíubirgðastöðvar í Örfirisey takmarkar það svæði sem kann að vera áhugavert undir íbúðabyggð og umsvif útgerðar og fiskvinnslu í Vesturhöfninni setja slíkri byggð einnig ákveðin takmörk. Eftir sem áður eru Faxaflóahafnir sf. reiðubúnar að gera ráð fyrir breyttri landnotkun á hluta Örfiriseyjar t.d. með blandaðri byggð enda verði þess gætt að nábyli íbúðabyggðar og athafnasvæða gangi ekki gegn hvort öðru. Þess vegna er nauðsynlegt að skoða vel skilin á milli íbúðasvæða og athafnasvæða.

Allt land umhverfis Gömlu höfnina er byggt upp á landfyllingum og hefur sú landgerð verið framkvæmd í nokkrum áföngum frá því Örfirisey var tengd við meginlandið með Grandagarði í upphafi síðustu aldar. Möguleiki er á að koma fyrir nýjum fyllingum vestan Örfiriseyjar sem geta orðið grunnur að íbúðarbyggð eða blandaðri byggð. Grynningar út frá Örfirisey bjóða upp á að þessi kostur sé skoðaður en nálægð við miðborg Reykjavíkur og eldri byggð vesturbæjarins geta gert slíka byggð áhugaverða.

Það er eitt af meginmarkmiðum Faxaflóahafna sf. að gæða Gömlu höfnina því lífi sem rétt blöndun á margþættri starfsemi og þjónustu, íbúðabyggð og opnum svæðum getur boðið upp á.

Í Sundahöfn var unnið að skipulagningu svæðisins utan Klepps, en það tekur yfir athafnasvæði Eimskipa hf., Samskipa hf., landþróunarsvæði þar á milli og lóð Klepps. Framtíðarskipulag á þessu svæði er afar mikilvægt fyrir þróun Sundahafnar á næstu áratugum. Verkefnið felst í að móta skipulag fyrirhugaðs hafnarsvæðis utan Klepps og tryggja nauðsynlegar

vegtengingar inn á svæði sem jafnframt er ætlað að bæta úr því ástandi sem nú er. Á svæðinu er m.a. gert ráð fyrir nokkrum valkostum við legu Sundabrautar og er brýnt að botn komist í þau skipulagsmál þannig að hafnarsvæðið geti þróast með eðlilegum hætti þrátt fyrir óvissu um byggingu Sundabrautar.

Á skipulagssviði Reykjavíkurborgar í samvinnu við Faxaflóahafnir sf. var unnið að undirbúningi matsskýrslna varðandi Álfsnessvæðið en þar er áhugaverður kostur að koma fyrir grófiðnaðarsvæði með viðunandi hafnaraðstöðu. Með þróun þess svæðis og lóðargerð má koma þar fyrir iðnfyrirtækjum úr Sævarhöfða og Þórðarhöfða s.s. steypustöðvum, malbikunarstöð og aðstöðu Björgunar hf. Núverandi athafnasvæði þessara fyrirtækja mætti síðan breyta að fullu í íbúðarsvæði. Faxaflóahafnir sf. hafa af því verulega hagsmuni að þetta verkefni gangi eftir á næstu árum þannig að unnt verði að koma lóðum í Gufunesi og Sævarhöfða í framtíðar not og verð.

Unnið var að skipulagsmálum á Grundartanga, m.a. með gerð deiliskipulags að svonefndu Klafastaðasvæði, lóð norðan verksmiðju Elkem auk þess sem undirbúningur var hafinn að rammaskipulagi á landi Kataness. Nokkur áhugi innlendra sem erlendra aðila hefur verið á að hefja starfsemi á Grundartanga og því mikilvægt að ljúka nauðsynlegri deiliskipulagningu svæðisins. Af hálfu Hvalfjarðarsveitar var unnið að gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið og í því efni tekið tillit til athugasemda og ábendinga Faxaflóahafna sf. varðandi iðnaðar- og hafnarsvæðið á Grundartanga.

Þá var unnið að deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Akranesi í samvinnu við bæjaryfirvöld þar. Vinna við það skipulag heldur áfram á árinu 2010, en endanleg niðurstaða er háð útkomu úr líkanatilraunum vegna hugmynda um landfyllingar vestan Aðalhafnargarðs.

Loks var af hálfu bæjaryfirvalda í Borgarbyggð unnið að deiliskipulagi í Brákarey og höfð samvinna við Faxaflóahafnir sf. varðandi fyrirhugaða aðstöðu smábáta.



## Ýmis atriði

Um mitt ár 2009 var lokið breytingum á skipulagsskilmálum á lóð verbúðanna við Geirsgötu og aðalskipulagi lóða verbúðanna á Grandagarði, en ný skilgreining felur í sér rýmri starfsemi í húsunum en áður hafði verið. Í framhaldi af því var leigusamningum í ákveðnum leigurýmum sagt upp og þau auglýst til leigu. Tæplega eitt hundrað umsóknir bárust um 15 leigurými og var þeim úthlutað í byrjun árs 2010. Tilgangur þessa er að auka aðdráttarafl ferðamanna og gesta á svæðið í Suðurbugt og á Grandagarð. Á árinu var staðfest verndun ytra útlits verbúðanna við Grandagarð en áður hafði útlitið lotið samþykkt Reykjavíkurborgar um borgarvernd.

Fjöldi farþega með skemmtiferðaskipum hélt áfram að aukast þó svo að heimsóknum skemmtiferðaskipa hafi fækkað úr 83 í 80 skip á milli ára. Á árinu komu stærri skip til Reykjavíkur en áður, sem skýrir fjölgun farþega, en farþegum fjölgaði úr 59.308 í 68.967 eða um 9.559 sem er 16.1% aukning. Heildar skipakomum til Faxaflóahafna sf. (yfir 100 brt.) fækkaði á milli ára úr 1523 skipum í 1504 skip. Mest var fækkunin í flokki flutningnaskipa um 123 komur, en nokkur fjölgun varð í komum fiskiskipa eða um 85 komur og tankskipa um 11 komur.

Nokkur mál komu upp á árinu sem varða gjaldskrá Faxaflóahafna sf. Gjaldtaka hafna á síðustu áratugum hefur byggst á aflagjaldi, sem hluta af verðmæti og vörugjöldum, sem skipt hefur verið í nokkra flokka. Með breytingum á hafnalögum árið 2003 var stefnt að skýrari leikreglum varðandi gjaldtöku hafna, en upp hafa komið nokkur mál þar sem eigendur farms krefjast skýringa á kostnaði hafnarinnar við þá þjónustu sem veitt er. Í hafnalögum frá 2003 er einnig ákvæði sem leggur þær skyldur

á herðar höfnum að veita notendum nauðsynlegar upplýsingar um tekjur og kostnað af einstökum liðum. Svo virðist að ákvæði hafnarlaga varðandi gjaldtöku og upplýsingaskyldu hafnanna séu ekki nægjanlega skýr. Vera kann einnig að skoða þurfi grundvallar uppbyggingu gjaldskráa hafna, en ef taka á mið af rökstuðningi héraðsdóms í máli vegna innheimtu vörugjalda má ætla að reglur og réttarframkvæmd á Íslandi sé talsvert strangari en gildir almennt um hafnir í nágrennalöndum okkar. Stjórn Faxaflóahafna sf. hefur fjallað um málið, en það verður áfram til skoðunar á árinu 2010.

Með lækkandi tekjum af vörugjöldum og annarri starfsemi var á árinu gripið til aðgerða til lækkunar á rekstrarkostnaði. M.a. var ákveðnum verkefnum frestað, dregið úr kaupum á vöru og þjónustu, laun hluta starfsfólks lækkuð tímabundið og gerðar ákveðnar breytingar á starfslýsingum í hafnarþjónustu. Í lok árs voru síðan gerðar breytingar á vaktafyrirkomulagi í hafnarþjónustu sem ætlað er að auka og bæta nýtingu þess mannafla sem er til reiðu, en í því á m.a. að felast ákveðin hagræðing. Ástæða er til að geta þess sérstaklega að árangur í aðhaldi rekstrarútgjalda er að stærstum hluta að þakka jákvæðum og góðum viðbrögðum starfsfólks. Fyrir það ber að færa þeim bestu þakkir. Ljóst er að áfram verður glímt við erfitt árferði þannig að enn sem fyrr er treyst á traust liðsinni starfsfólks í þessum efnun. Föst stöðugildi starfsmanna eru 65 og fækkaði um eitt á milli ára en að teknu tilliti til sumarstarfa og afleysingastarfa eru árs stöðugildi fyrirtækisins 70.






## Lokaorð

Sem fyrr segir setur bágborið ástand efnahagslífsins mark sitt á starfsemi Faxaflóahafna sf. Óvissa varðandi þróun innflutnings var veruleg og ekki útséð enn hvernig þau mál þróast á árinu 2010. Engar fjárfestingar voru í nýjum athafnasvæðum eða fasteignum á hafnarsvæðunum á árinu 2009 og ekki er útlit fyrir að svo verði heldur á árinu 2010. Hins vegar hafa erlendir aðilar sýnt áhuga á að kynna sér aðstæður á Grundartanga, en flest eru þau verkefni einnig tengd afhendingu á orku, sem er af skörum skammti. Áhugavert kann að vera að efna til samstarfs við Orkuveitu Reykjavíkur um orkuafhendingu til meðalstórra fyrirtækja á næstu árum eftir því sem Orkuveitunni er fært að selja og afhenda rafmagn til iðnfyrirtækja. Ljóst er að á meðan óvissa er um þróun verðlags, gengis og almenn umsvif fyrirtækja á Íslandi þá er óhjákvæmilegt að hafa aðgát í fjárfestingum auk þess sem brýnt er að gæta áfram sérstaks aðhalds varðandi rekstrarútgjöld.

Á árinu 2010 er í fyrsta skipti greiddur arður til eigenda alls 173.0 mkr. Arðgreiðsla þessi er í samræmi við ákvæði hafnalaga og skiptist á milli eigenda eftir eignahlut. Afar æskilegt er að eigendur móti stefnu um fyrirkomulag arðgreiðslna á næstu árum þar sem eðlilegt er að gera ráð fyrir þeim útgjöldum í rekstri fyrirtækisins.

Sem fyrr segir er afkoma Faxaflóahafna sf. á árinu 2009 viðunandi ekki síst miðað við erfitt efnahagssumhverfi. Mikilvægt er að fyrirtækið verði í stakk búið til að takast á við stór verkefni þegar birtir til og vera virkur og öflugur aðili í endurreisn íslensk efnahagslífs. Með markvissri skipulagningu og stefnu varðandi framkvæmdir og rekstur er ljóst að sóknarfæri munu gefast, sem mikilvægt er að nýta.

Reykjavík 23. júní 2010



Júlíus Vífill Ingvarsson,  
Formaður stjórnar



Gisli Gíslason,  
hafnarstjóri







# Reykjavíkurhöfn

## Landgerð: 1900-2024



### Yfirlitskort

#### Skýringar

- Mörk Hafnarsvæða 
- Strandlína 1900 
- Upprunalegt land 
- Landfylling til 2008 
- Væntanleg landfylling 

Upprunalegt land: 176,4 ha  
Fylling til 2008: 155,3 ha  
Framtíðarfylling: 49,5 ha  
ALLS: 381,2 ha



BORGARNES



AKRANES



GRUNDARTANGI








Grænt bókhald

# Grænt bókhald Faxaflóahafna 2009

Upplýsingar í þessari skýrslu teljast eins réttar og þær geta orðið miðað við þau gögn sem liggja fyrir. Tölurnar eru ýmist fengnar úr bókhaldi Faxaflóahafna, frá birgjum eða áætlaðar eftir bestu vitund þegar rauntölur liggja ekki fyrir.


Stjórn Faxaflóahafna samþykkir hér með grænt bókhald fyrir árið 2009.


Reykjavík, 23. júní 2010

  
Jónus Vífill Ingvarsson, formaður


  
Jórunn Ósk Frímannsdóttir


  
Guðmundur Gíslason

  
Björk Vilhelmsdóttir

  
Sóley Tómasdóttir

  
Þórður Þ. Þórðarson

  
Páll Brynjarsson

  
Hallfreður Vilhjálmsson

# Inngangur

Grænt bókhald er skilgreint sem efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar á tölulegu formi um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi. Græna bókhaldið á þannig að sýna áhrif starfseminnar á umhverfið. Niðurstöður eru settar fram í svokölluðum lykiltölum sem eru mælikvarðar á magn eða frammistöðu viðkomandi umhverfisþátta. Grænt bókhald gefur þannig upplýsingar um frammistöðu í umhverfismálum á sama hátt og rekstrarbókhald gefur upplýsingar um fjárhagslega frammistöðu.

Reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002 hefur að markmiði að veita almenningi, félagasamtökum og stjórnvöldum upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í starfsemi sem haft getur í för með sér mengun. Enn fremur er það markmið reglugerðarinnar að hvetja rekstraraðila til að fylgjast vel með helstu umhverfisþáttum starfseminnar og leitast við að tryggja að þróun starfseminnar sé jákvæð fyrir umhverfið.

Grænt bókhald fyrir árið 2009 er fjórða græna bókhald Faxaflóahafna. Faxaflóahöfnum er ekki skylt að halda grænt bókhald en hafnarstjórn samþykkti árið 2006 að koma í framkvæmd grænu bókhaldi og var það fyrsta gefið út með ársreikningi ársins 2006. Tilgangur þess er að meta umhverfisáhrif rekstrar og innkaupa og áhrif af umhverfisstarfi Faxaflóahafna, lágmarka umhverfisáhrif af völdum starfseminnar og auka umhverfisvitund starfsmanna.

Vinnuhópur á vegum Faxaflóahafna skilgreindi 16 lykiltölur árið 2006 sem áhugavert og nauðsynlegt væri að vakta. Grænt bókhald fyrir árið 2009 inniheldur tölulegar upplýsingar um 8 fyrstu lykiltölurnar eins og græna bókhaldið gerði árin á undan. Bornar eru saman lykiltölur milli árana 2008 og 2009 og sést þannig hvaða árangur náðst hefur í umhverfismálum á milli ára. Á myndum má sjá lykiltölur allra fjögurra bókhaldsáranna.

- |                           |   |
|---------------------------|---|
| 1. Raforka                | 9. Eiturefni og hættuleg efni                                   |
| 2. Heitt og kalt vatn     | 10. Mengun sjávar og sets                                       |
| 3. Eldsneytisnotkun       | 11. Mengun jarðvegs   |
| 4. Pappírnotkun           | 12. Hávaði  |
| 5. Úrgangur og spilliefni | 13. Jarðvegsfok   |
| 6. Mengunaróhöpp          | 14. Umferð á hafnarsvæðum                                       |
| 7. Dýpkun hafna           | 15. Nýting lands  |
| 8. Landfyllingar          | 16. Umhverfisvöktun samkvæmt mati á umhverfisáhrifum framkvæmda |

Það er einlægur vilji hafnarstjóra að hjá Faxaflóahöfnum sé unnið markvisst að umbótum í umhverfismálum og að fylgst verði með frammistöðu í þeim málefnum.

# Almennar upplýsingar um fyrirtækið

Faxaflóahafnir er sameignarfyrirtæki sem stofnað var á árinu 2004. Fyrirtækið er í eigu Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar auk Skorradalshrepps. Fyrirtækið tók til starfa á árinu 2005 við sameiningu hafnanna í Reykjavík, Akranesi, Grundartanga og Borgarnesi.

Rekstur fyrirtækisins felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna. Hafnarþjónustan felst í rekstri, dráttarbáta, vita og sæmerkja, hafnarvoga, hafnsöguþjónustu, festarþjónustu auk sölu á raforku og vatni til skipa. Rekstur hafnarvirkja felst í nýbyggingum, viðhaldi og umhirðu á hafnarmannvirkjum. Rekstur lands og lóða felst í gatna- og lóðagerð á hafnarsvæðum auk viðhalds og umhirðu gatna og opinna svæða. Stöðugt hefur verið unnið að landfyllingum í Reykjavík sem skapa aukið landrymi á athafnasvæði fyrirtækisins. Til þessara landfyllingar hefur verið nýtt það jarðefni sem fellur til við framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Landfyllingar hafa einnig átt sér stað á Grundartanga og má

ætla að umfang þeirra muni vaxa á komandi árum. Rekstur húseigna felst í útleigu, viðhaldi og umhirðu húseigna í eigu fyrirtækisins. Til viðbótar er rekið áhaldahús sem auk þess annast rekstur bifreiða í eigu fyrirtækisins.

**Í töflu 1** eru teknar saman almennar upplýsingar um fyrirtækið fyrir árið 2009 og til samanburðar eru þessar sömu upplýsingar birtar fyrir árið 2008. Helstu breytingar milli ára eru þær að bifreiðum hefur fjölgað um eina. Hafnarland við Gömlu höfnina hefur minnkað um 3 ha og er þessi minnkun vegna leiðréttinga á landstærðum, aðallega vegna sölu lands í Austurhöfn. Við Sundahöfn hefur hafnarlandið sömuleiðis minnkað um 28 ha og er þessi minnkun til komin vegna leiðréttinga á markalínum hafnarlands. Skilgreiningum á baklandi hafnar hefur verið breytt og einnig vegna þess að Ártúnshöfðasvæðið sem áður var talið með Sundahöfn er nú talið með Eiðsvík og Gufunesi. Flatarmál lands í eigu Faxaflóahafna telst því hafa minnkað að teknu tilliti til þessa og þeirra landfyllinga sem framkvæmdar hafa verið á árinu. Um er að ræða 26 ha milli ára.

**Tafla 1.** Almennar upplýsingar um Faxaflóahafnir árið 2009 og árið 2008 til samanburðar.

		2009	2008
Starfsmenn Faxaflóahafna sf.	fjöldi	70	68
Bifreiðar í eigu Faxaflóahafna sf.	fjöldi	22	21
Bátar í eigu Faxaflóahafna sf.	fjöldi	4	4
Flatarmál hafnarlands og lengd viðlegukanta			
<i>Gamla höfnin</i>	ha / m	67 / 3.359	70 / 3.359
<i>Sundahöfn</i>	ha / m	164 / 2.199	190 / 2.151
<i>Ártúnshöfði, Eiðsvík og Gufunes</i>	ha / m	100 / 298	95 / 196
<i>Grundartangi</i>	ha / m	675 / 640	675 / 640
<i>Akranes</i>	ha / m	- / 1.272	- / 1.272
<i>Borgarnes</i>	ha / m	- / 61	- / 61
<b>Hafnarland og viðlegukantar alls</b>	<b>ha / m</b>	<b>1.006 / 7.829</b>	<b>1.030 / 7.679</b>
Lóðir í eigu Faxaflóahafna	ha	350	344
Húsnæði Faxaflóahafna, til eigin nota			
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í notkun Faxaflóahafna	m <sup>2</sup>	1.672	1.672
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í leigu	m <sup>2</sup>	4.127	4.127
Bækistöð, Gamla höfnin	m <sup>2</sup>	1.243	1.243
Vigtarhús, Gamla höfnin	m <sup>2</sup>	93	93
Vigtarhús, Akranes	m <sup>2</sup>	32	32
Hafnarhúsið Akranesi	m <sup>2</sup>	211	211
Þjónustuhús Skarfabakka	m <sup>2</sup>	360	360
<b>Húsnæði alls</b>	<b>m<sup>2</sup></b>	<b>7.738</b>	<b>7.738</b>
Skipakomur (yfir 100 tonn)			
Skemmtiferðaskip og fjöldi farþega	fjöldi	83 / 59.308	76 / 53.529
Önnur skip	fjöldi	1440 1	616
Flutningar	tonn / TEU	4.088.594 / 267.151	4.944.006* / 291.748



# Lykiltölur í grænu bókhaldi


## Raforka – notkun og sala

Lykiltalan á við raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sölu raforku til skipa og báta í gegnum rafdreifikerfi. Frá umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að stefnt sé að betri nýtingu raforku í byggingum og þar með að dregið verði úr notkun raforku milli ára. Hins vegar er æskilegt að sala raforku til skipa í gegnum rafdreifikerfi aukist frá ári til árs þar sem aukin notkun raforku í skipum og bátum kemur í veg fyrir að þau noti olíu til að keyra ljósavélar. Aukin sala raforku dregur þannig bæði úr notkun eldsneytis, losun mengunar til umhverfisins og hávaða.

**Tafla 2.** Raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sala raforku til skipa og báta árið 2009 og til samanburðar árið 2008.

	2009 kWst	2008 kWst	2009 kWst / m2	2008 kWst / m2
Raforkunotkun í byggingum				
Bækistöð, Gamla höfnin	126.372	127.860	102	103
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna sf.	345.010	341.600	59	59
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna sf.*	99.475	98.490	59	59
Hafnarhús á Akranesi	21.370	10.660	101	51
<b>Heildarraaforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna sf.</b>	<b>492.752</b>	<b>480.110</b>	-	-
<b>Heildarraaforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna</b>	<b>247.217</b>	<b>237.005</b>	-	-
Rafdreifkerfi (rafmagn selt í skip og báta)	4.034.411	3.382.760	-	-

\*Áætluð notkun



**Mynd 1.** Rafmagnssala til skipa og báta og raforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna (kWst) árið 2009 og til samanburðar fyrir árin 2006 til 2008.

### Heitt og kalt vatn – notkun og sala


Lykiltalan á við notkun á heitu og köldu vatni í byggingum Faxaflóahafna og sölu til skipa og báta. Frá umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að stefna að því að draga úr óþarfa notkun á heitu og köldu vatni. Því er mikilvægt að nýta sem best þá orku sem fer til upphitunar húsnæðis og fylgjast með notkun á köldu vatni, bæði í húsnæði Faxaflóahafna og við sölu til skipa og báta. Með því að fylgjast með innkeyptu magni af vatni og notkun er hægt að fylgjast með vatnslekum sem geta átt sér stað frá lögnum.

**Tafla 3.** Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árið 2009 og til samanburðar notkun árið 2008.

	2009 m <sup>3</sup>	2008 m <sup>3</sup>	2009 m <sup>3</sup> / m <sup>3</sup>	2008 m <sup>3</sup> / m <sup>3</sup>
Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna sf.				
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna sf.	18.580	19.699	0,86	0,92
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna sf.*	5.358	5.681	0,86	0,92
Bækistöð, Gamla höfnin	8.299	6.843	1,1	0,93
Vigtarhús, Gamla höfnin	2.460	2.378	8,2	7,9
Vigtarhús, Akranes	197	213	1,6	1,7
Hafnarhúsið, Akranesi	567	761	0,75	1,0

\*Áætluð notkun

**Mynd 2.** Heitavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum ( m<sup>3</sup> ) árið 2009 og til samanburðar árin 2006 til 2008.




**Tafla 4.** Notkunarstuðull Orkuveitu Reykjavíkur fyrir heitavatnsnotkun í mismunandi tegundum húsnæðis.

Tegund húsnæðis	m <sup>3</sup> / m <sup>3</sup>
Verslunarhúsnæði	0,6-0,8
Skrifstofuhúsnæði	0,5-0,8
Iðnaðarhúsnæði	0,4-1,0
Lagerhúsnæði	0,3-0,8

\* vanmat um 18-20.000 m<sup>3</sup>

**Mynd 3.** Heitavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum ( m<sup>3</sup>/m<sup>3</sup> ) árið 2009 og til samanburðar árin 2006 til 2008.




**Tafla 5.** Innkaup, sala og útskýrð kaldavatnsnotkun 2009 og til samanburðar árið 2008.

	2009	2008
	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>
Kalt vatn, innkaup fyrir bryggjur	245.500	244.236
Kalt vatn, sala í skip og báta	69.548	71.353
Hlutfall af seldu vatni	28%	29%

\* Vanmat um 18-20.000 m<sup>3</sup>

**Mynd 4.** sýnir innkaup og sölu á köldu vatni árin 2006 til 2009. Innkaup á köldu vatni stendur nánast í stað milli árunna 2008 og 2009 og salan á köldu vatni dregst saman um 2,5% yfir sama tímabil sem skýra má með færri skipakomum árið 2009.




**Tafla 6.** Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árið 2009 og til samanburðar kaldavatnsnotkun árið 2008.

	2009 m <sup>3</sup>	2008 m <sup>3</sup>	2009 m <sup>3</sup> / m <sup>2</sup>	2008 m <sup>3</sup> / m <sup>2</sup>
Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna sf.				
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna	2.074	1.785	0,3	0,2
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna*	597	515**	0,4	0,3
Hafnarhúsið Akranesi	35	49	0,2	0,2
Bækistöð, Gamla höfnin	206	243	0,2	0,2

\*Áætluð notkun / \*\* leiðrétt magn frá GB 2008

**Mynd 5.** Kaldavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum ( m<sup>3</sup> ) árið 2009 og til samanburðar árin 2006 til 2008.




## Eldsneytisnotkun

Lykiltalan á við notkun eldsneytis (skipaolíu, dísil og bensín) fyrir ökutæki og báta. Skipaolía er notuð á báta í eigu Faxaflóahafna en díselolía og bensín á bifreiðar og vélar. Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjanleg auðlind og brennsla eldsneytis veldur losun mengandi efna til umhverfisins, m.a. gróðurhúsalofttegunda. Frá umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, bæði með því að velja sparneytnari skipavélar og bifreiðar og huga að því hvort hægt sé að velja vélar og tæki sem nota endurnýjanlega orkugjafa.

**Tafla 7.** Eldsneytisnotkun og útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu eldsneytis árið 2009 og til samanburðar árið 2008.

	2009 L	2008 L	2009 Kg CO <sub>2</sub> ígildi	2008 Kg CO <sub>2</sub> ígildi
Heildarnotkun, skipaolía	158.296	141.131	423.800	377.900
Heildarnotkun, dísel	32.808	31.624	88.300	85.100
Heildarnotkun, bensín	10.208	11.298	23.800	26.300
<b>Alls</b>			536.000	489.300
Meðaltalseyðsla skipaolíu pr. vélatíma, aðalvélar	76,1	63,3		
Meðaltalseyðsla dísel pr. 100 km	13,6	13,9		
Meðaltalseyðsla bensín pr. 100 km	8,0	7,9		
Hlutfall losunar fyrir landið allt (%)	-	-	0,015%	0,013%
Hlutfall losunar við samgöngur (%)	-	-	0,053%	0,050%

**Mynd 6.** Útstreymi gróðurhúsalofttegunda (kg CO<sub>2</sub> ígildi) vegna brennslu eldsneytis árið 2009 og til samanburðar árin 2006 til 2008.




### Pappírnotkun

Lykiltalan á við notkun skrifstofupappírs. Þó svo að pappírinn sjálfur sé endurnýjanleg auðlind er mikilvægt að minnka notkun auðlindarinnar þar sem alltaf eru notaðar einhverjar óendurnýjanlegar auðlindir og orka við framleiðslu, flutning og förgun pappírsins.

**Tafla 8.** Notkun skrifstofupappírs árið 2009 og til samanburðar árið 2008. .

	2009	2008	2009	2008	2009	2007
	Fjöldi	Fjöldi	Kg	Kg	Kg / starfsmann	Kg / starfsmann
Skrifstofupappír (A4 blöð)	105.000	120.000	525	600	7,5	8,6

**Mynd 7.** Notkun skrifstofupappírs (kg/starfsmann) árið 2009 og til samanburðar árin 2006 til 2008.




## Almennur úrgangur og spilliefni

Lykiltalan á við myndun og meðhöndlun almenns úrgangs og spilliefna. Frá umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr myndun almenns úrgangs og spilliefna, auka endurvinnslu þess úrgangs sem til fellur og sjá til þess að spilliefnum sé fargað á ábyrgan hátt. Lykiltalan tekur bæði til úrgangs sem myndast í eigin starfsemi en einnig til úrgangs sem myndast á hafnarsvæðum hjá einstaklingum og í starfsemi annarra fyrirtækja, sem Faxaflóahafnir sjá um að safnað sé inn frá. Faxaflóahafnir hafa jákvæð umhverfisáhrif með því að bjóða upp á tanka fyrir úrgangsolíu og standa fyrir hreinsunarátaksverkefnum á hafnarsvæðinu. Þessar aðgerðir hafa þó í för með sér að magn úrgangs sem skrifast á Faxaflóahafnir eykst.

**Tafla 9.** Almennur úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu árið 2009 og til samanburðar árið 2008..

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	2009	2008	
		Kg	Kg	
Gæðapappír	Endurvinnsla	330	480	
Dagblöð og tímarit	Endurvinnsla	1.110	1.850	
Bylgjupappi	Endurvinnsla	785	1.142	
Blandaður úrgangur	Förgun	12.711	12.405	
Úrgangur alls	-	14.936	15.877	
<b>Meðhöndlun</b>	<b>Kg</b>	<b>%</b>	<b>Kg</b>	<b>%</b>
Úrgangur til förgunar	12.711	85	12.405	78
Úrgangur til endurvinnslu	2.225	15	3.472	22


**Mynd 8.** Almennur úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu (kg) árið 2009 og til samanburðar árin 2006 til 2008



Tafla 10. Úrgangur sem safnað er saman fyrir hafnarsvæði árið 2009 og til samanburðar árið 2008

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	Reykjavík		Grundartangi		Akranes		Samtals	
		2009	2008	2009	2008	2009	2008	2009	2008
		Kg	Kg	Kg	Kg	Kg	Kg	Kg	Kg
Blandaður úrgangur	Förgun	17.024	17.710	11.210	13.670	13.430	12.730	41.664	44.110
Bylgjupappi	Endurvinnsla	0	0	0	0	0	0	0	0
Grófur úrgangur	Förgun	74.800	105.080	2.320	4.850	2.860	1.400	79.980	111.330
Hjólbarðar til förgunar	Förgun	103.870	130.784	0	0	3.300	0	107.170	130.784
Málmar	Endurvinnsla	25.340	45.520	5.580	1.060	2.980	4.970	33.900	51.550
Gler og postulín	Förgun	0	0	0	0	0	360	0	360
Timbur	Endurvinnsla	18.700	32.672	12.840	49.340	2.200	2.760	33.740	84.772
Timbur, litað og blandað	Endurvinnsla	3.270	3.280	0	1.720	0	0	3.270	5.000
<b>Úrgangur alls</b>	-	<b>243.004</b>	<b>335.046</b>	<b>31.950</b>	<b>70.640</b>	<b>24.770</b>	<b>22.220</b>	<b>299.724</b>	<b>427.906</b>
<b>Meðhöndlun</b>		%	%	%	%	%	%	%	%
Úrgangur til förgunar	81	76	42	26	79	65	76	67	65
Úrgangur til endurvinnslu	19	24	58	74	21	35	24	33	35

Mynd 9. Úrgangur sem safnað er saman fyrir hafnarsvæði (kg) árið 2009 og til samanburðar árin 2006 til 2008.



Tafla 11: Úrgangstegundir og magn sem nýtast sem hráefni hjá Faxaflóahöfnum árið 2009 og til samanburðar árið 2008.

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	2009 Magn	2008 Magn
Hjólbarðar	Endurvinnsla (pybbur)	1.863 stk	2.570 stk
Fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu	Endurvinnsla (fyllingarefni)	100.000 m <sup>3</sup>	123.000 m <sup>3</sup>

## Spilliefni

Faxaflóahafnir geta haft jákvæð umhverfisáhrif með því að bjóða upp á aðstöðu fyrir viðskiptavinum hafnanna til þess að skila inn spilliefnum. Þetta er gert með því að staðsetja tanka fyrir úrgangsolíu og önnur spilliefni á hafnarsvæðum fyrir smábátaeigendur en þeir eru staðsettir í Reykjavíkurböfn og Akraneshöfn.

**Tafla 12.** Úrgangsolía og önnur spilliefni safnað saman á hafnarsvæði árið 2009 og til samanburðar árið 2008.


	2009	2008	2009	2008
	L*	L*	kg***	kg***
Reykjavíkurböfn	8.444**	21.000**	2.735	4.781
Akraneshöfn	1.800	1.600	820	60
Grundartangahöfn, spilliefni	0		0	2.000
<b>Spilliefni alls</b>	<b>10.244</b>	<b>22.600</b>	<b>3.555</b>	<b>6.841</b>

\*Úrgangsolía

\*\*Þar af 19.500 L af olíumenguðum sjó árið 2008 og 6.600L árið 2009.

\*\*\* önnur spilliefni

**Mynd 10.** Spilliefni frá hafnarsvæðum (kg) árið 2009 og til samanburðar árin 2006 til 2008.





## Mengunaróhöpp

Lykiltalan á við um mengunaróhöpp á hafnarsvæði, þar sem olía eða önnur mengandi efni berast í sjóinn, við bryggju og baksvæði þeirra. Ef magn mengandi efna er yfir 100 L ber að tilkynna það til Faxaflóahafna. Einnig ber að tilkynna óhöpp á skipum og bátum þar sem mengandi efni hafa lekið úr tilheyrandi umbúðum og geta valdið mengunaróhöppum. Þetta gildir bæði fyrir mengunaróhöpp sem verða við starfsemi Faxaflóahafna og þeirra sem leigja svæði af Faxaflóahöfnum. Haldið hefur verið utan um þau óhöpp sem tilkynnt hafa verið, en ekki er hægt að tryggja að öll óhöpp séu tilkynnt til Faxaflóahafna.

Eins og fram kemur í töflu 13 eru 4 mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna á árinu 2009 og 5 árið 2008.

Þau fjögur mengunaróhöpp tilkynnt á árinu 2009 eru eftirfarandi:

1. Um 100L af smurolíu láku á bryggju í janúar.
2. Um 2L af glussa lak á bryggju í október.
3. Um 200 – 300L af glussa lak út í höfnina í október.
4. Bensín lak frá bensíndælu frá olíustöð í júlí.

**Tafla 13.** Mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna árið 2009 og til samanburðar árið 2008.

	2009	2008	2009	2008
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi / skipakomur yfir 100 tonn	Fjöldi / skipakomur yfir 100 tonn
Tilkynnt óhöpp á landi	3		0,002	
Tilkynnt óhöpp á sjó	1	5	0,001	0,002
<b>Mengunaróhöpp alls</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>0,003</b>	<b>0,002</b>


## Dýpkun hafna

Lykiltalan á við um umfang dýpkunar hafna og mögulega nýtingu þess efnis sem verður til við dýpkun þeirra. Dýpkun hafna getur krafist þess að fjarlægja þurfi mengað set sem koma þarf fyrir, t.d. í landfyllingum. Ávinningur við notkun dýpkunarefna til landgerðar er töluverður ef um tiltölulega ómengað efni er að ræða þar sem efnistaka og efniskaup sparast

**Tafla 14.** Magn dýpkunarefnis sem nýtt er til landgerðar og varpað er í hafið árið 2009 og til samanburðar árið 2008.

	2009	2008
	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>
Dýpkunarefni nýtt til landgerðar	0	0
Dýpkunarefni varpað í hafið	144.200	64.300
Heildarmagn dýpkunarefnis	144.200	64.300

**Mynd 11.** Magn dýpkunarefnis sem nýtt er til landgerðar og varpað er í hafið (m<sup>3</sup>) árið 2009 og til samanburðar árin 2006 til 2008.



## Landfyllingar


Lykiltalan á við um landfyllingar sem eru hluti af stækkun hafnarsvæða og byggingu hafnarmannvirkja. Landfyllingar hafa áhrif á náttúrulega lögun hafnarinnar, auk þess að breyta samsetningu þeirra jarðefna sem eru til staðar innan hafnarsvæðisins (t.d. með endurnýtingu fyllingarefna og jarðvegs frá framkvæmdum).

**Tafla 15.** Landsvæði til landfyllinga og magn og tegundir efna sem notuð voru til landfyllingar árið 2009 og til samanburðar árið 2008.

		2009	2008
		Magn	Magn
Landsvæði til landfyllinga	ha	1	3,9
Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting			
Dýpkunarefni til landgerðar	m <sup>3</sup>	0	0
Endurvinnsla fyllingarefnis og jarðvegs frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu	m <sup>3</sup>	100.000	123.000*
Fyllingarefni í útboðsverkum	m <sup>3</sup>	0	92.000
Keypt fyllingarefni úr námum í sjó	m <sup>3</sup>	0	376.000
<b>Heildarmagn efnis til landfyllinga</b>	<b>m<sup>3</sup></b>	<b>100.000</b>	<b>591.000</b>

\*Leiðrétt magn frá GB 2008


**Mynd 12.** Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting (m<sup>3</sup>) árið 2009 og til samanburðar árin 2006 til 2008.



# Flutningar um hafnir Faxaflóahafna sf. árið 2009 (í tonnum)

	Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals 2009	Samtals 2008	Samtals 2007	Samtals 2006
<b>Innflutningur</b>							
Olía	452,345			452,345	436,514	484,852	583,871
Vörur til stóriðju		994,166		994,166	805,701	980,957	719,312
Bífreiðar	3,580			3,580	22,392	38,718	37,359
Byggingavörur	67,800			67,800	101,543	196,809	171,510
Laust korn	25,130			25,130	60,846	85,623	72,402
Ýmsar vörur	442,403		13,819	456,222	670,816	817,752	703,411
	<b>991,258</b>	<b>994,166</b>	<b>13,819</b>	<b>1,999,243</b>	<b>2,097,812</b>	<b>2,604,711</b>	<b>2,287,865</b>
<b>Útflutningur</b>							
Vörur frá stóriðju		394,703		394,703	445,038	357,680	291,574
Sjávarafurðir	280,426			280,426	260,983	206,086	292,058
Ýmsar vörur	162,263			162,263	162,889	238,063	266,163
	<b>442,689</b>	<b>394,703</b>	<b>0</b>	<b>837,392</b>	<b>868,910</b>	<b>801,829</b>	<b>849,795</b>
<b>Strandflutningar</b>							
Frá höfn	109,323		73,063	182,386	123,984	182,824	189,804
Til hafnar	2,977			2,977	1,503	410	2,220
	<b>112,300</b>	<b>0</b>	<b>73,063</b>	<b>185,363</b>	<b>125,487</b>	<b>183,234</b>	<b>192,024</b>
<b>Milliflutningar</b>							
	64,720			64,720	40,170	49,146	56,390
<b>ALLS:</b>	<b>1,610,967</b>	<b>1,388,869</b>	<b>86,882</b>	<b>3,086,718</b>	<b>3,132,379</b>	<b>3,638,920</b>	<b>3,386,074</b>
<b>Dæld steinefni</b>	340,000		21,680	361,680	956,215	1,305,086	1,425,722
<b>Landaður afli</b>	94,785		24,833	119,618	126,767	163,274	129,388
<b>ALLS:</b>	<b>2,045,752</b>	<b>1,388,869</b>	<b>133,395</b>	<b>3,568,016</b>	<b>4,215,361</b>	<b>5,107,280</b>	<b>4,941,184</b>

Flutningar um hafnir Faxaflóahafna



# Skipakomur til Faxaflóahafna sf. 2009


	Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals 2009	Samtals 2008	Samtals 2007	Samtals 2006
Fjöldi skipa							
Flutningaskip	280	128	43	451	574	601	569
Fiskiskip	652		59	711	622	762	657
Farþegaskip	80			80	83	76	74
Tankskip	144		1	145	134	92	198
Rannsóknar- og varðskip	82			82	85	155	89
Önnur skip	33		2	35	25	23	35
	<b>1,271</b>	<b>128</b>	<b>105</b>	<b>1,504</b>	<b>1,523</b>	<b>1,709</b>	<b>1,622</b>

## Samanlögð stærð skipa (bt)


	Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals 2009	Samtals 2008	Samtals 2007	Samtals 2006
Flutningaskip	2,171,180	855,629	26,259	3,053,068	3,891,011	3,845,338	3,562,038
Fiskiskip	650,145		67,865	718,010	657,627	830,598	765,404
Farþegaskip	2,739,188			2,739,188	2,313,155	2,000,765	2,170,825
Tankskip	467,581		1,665	469,246	545,301	523,642	636,891
Rannsóknar- og varðskip	166,607			166,607	168,010	173,395	167,783
Önnur skip	54,262		547	54,809	91,012	70,707	60,300
	<b>6,248,963</b>	<b>855,629</b>	<b>96,336</b>	<b>7,200,928</b>	<b>7,666,116</b>	<b>7,444,445</b>	<b>7,363,241</b>

## Skipakomur til Faxaflóahafna 2009

Fyrsta viðkomuhöfn




## Skipakomur til hafna Faxaflóahafna



# Gámaflutningar í gámaeiningum (TEU) árið 2009

	Sundahöfn	Grundartangi	Samtals 2009	Samtals 2008	Samtals 2007	Samtals 2006
<b>Til hafnar</b>						
Hlaðnir	66,524	5,897	72,421	113,025	136,626	129,460
Tómir	18,451	5,567	24,018	19,737	12,160	14,615
<b>Alls</b>	<b>84,975</b>	<b>11,464</b>	<b>96,439</b>	<b>132,762</b>	<b>148,786</b>	<b>144,075</b>
<b>Frá höfn</b>						
Hlaðnir	49,473	13,062	62,535	62,947	58,298	60,105
Tómir	34,687	155	34,842	71,442	84,664	73,454
<b>Alls</b>	<b>84,160</b>	<b>13,217</b>	<b>97,377</b>	<b>134,389</b>	<b>142,962</b>	<b>133,559</b>
<b>Samtals</b>						
Hlaðnir	115,997	18,959	134,956	175,972	194,924	189,565
Tómir	53,138	5,722	58,860	91,179	96,824	88,069
<b>Alls</b>	<b>169,135</b>	<b>24,681</b>	<b>193,816</b>	<b>267,151</b>	<b>291,748</b>	<b>277,634</b>

Gámaflutningar um Faxaflóahafnir



# Ársreikningur Faxaflóahafna 2009

## Áritun hafnarstjóra og hafnarstjórnar

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarvæða á Akranesi, Borgarnesi, Grundartanga og Reykjavík.

Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins 103,9 millj.kr.. Eigið fé félagsins í lok árs nam um 10.551 millj.kr., en nam um 10.447 millj.kr. í byrjun árs. Að öðru leyti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári. Stöðugildi hjá Faxaflóahöfnum sf. voru að jafnaði 70 og launagreiðslur félagsins námu um 468,4 millj.kr. á árinu.


Eignarhlutur eigenda Faxaflóahafna sf. er eftirfarandi:


Reykjavíkurborg .....	75.00%
Akraneskaupstaður .....	10.70%
Borgarbyggð .....	4.84%
Hvalfjarðarsveit .....	9.24%
Skorradalshreppur .....	0.22%


Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé félagsins.

Hafnarstjóri og hafnarstjórn staðfesta hér með ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2009 með undirritun sinni.


Reykjavík, 26. febrúar 2010

  
Gísli Gíslason, hafnarstjóri


  
Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður


  
Sóley Tómasdóttir


  
Jórunn Ósk Frímansdóttir

  
Þórður Þ. Þórðarson

  
Guðmundur Gíslason

  
Páll Brynjarsson

  
Björk Vilhelmsdóttir

  
Hallfreður Vilhjálmsson

# Rekstrarreikningur ársins 2009

	Fjárhagsáætlun		
	2009	2009	2008
<b>Rekstrartekjur</b>			
Vörugjöld	728,275,000	749,920,216	920,083,623
Aflagjöld	115,000,000	184,513,946	125,216,223
Skipagjöld	169,283,000	183,372,923	188,485,759
Eignatekjur	737,555,000	782,962,000	708,371,676
Hafnarþjónusta	193,455,000	206,012,570	188,876,873
Siglingavernd	151,314,000	154,853,283	190,118,776
Söluhagnaður eigna og aðrar tekjur	0	9,526,806	274,609,776
	<u>2,094,882,000</u>	<u>2,271,161,744</u>	<u>2,595,762,706</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Hafnarvirki	264,701,000	279,796,410	263,717,101
Eignagjöld	236,649,000	220,448,407	292,198,582
Hafnarþjónusta	314,409,000	319,329,309	306,408,572
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	286,351,000	285,308,194	258,755,951
Siglingavernd	146,035,000	136,607,423	160,451,955
Raunbreyting lífeyrisskuldbindingar	0	5,176,721	29,073,121
Gjöf til Sjóminjasafns	0	22,290,602	208,891,944
Afskriftir	727,000,000	735,007,187	680,748,761
	<u>1,975,145,000</u>	<u>2,003,964,253</u>	<u>2,200,245,987</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	119,737,000	267,197,491	395,516,719
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur. Verðb., gengismunur og arður	50,000,000	57,912,354	364,166,985
Gengismunur	0	625,126	( 87,756,801)
Vaxtagjöld. Verðbætur	( 176,000,000)	( 221,882,128)	( 221,882,128)
	<u>( 126,000,000)</u>	<u>( 163,344,648)</u>	<u>( 164,624,898)</u>
<b>Hagnaður ársins</b>	<u>( 6,263,000)</u>	<u>103,852,843</u>	<u>230,891,821</u>



# Efnahagsreikningur

## Eignir

	2009	2008
<b>Fastafjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir og lóðir	4,363,771,578	3,948,081,011
Hafnir og mannvirki	6,092,056,909	6,164,308,917
Gatnakerfi	575,181,749	457,084,208
Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki	543,651,130	615,568,326
	<u>11,574,661,366</u>	<u>11,185,042,462</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutir í öðrum félögum	42,246,546	38,570,616
Langtímakröfur	350,986,774	652,111,460
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir	( 243,503,704)	( 440,377,859)
	<u>149,729,616</u>	<u>250,304,217</u>
<b>Fastafjármunir</b>	<u>11,724,390,982</u>	<u>11,435,346,679</u>
<b>Veltufjármunir</b>		
<b>Skammtímakröfur:</b>		
Viðskiptakröfur	328,119,022	277,555,325
Aðrar kröfur	7,312,650	10,351,319
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir	243,503,704	440,377,859
Fyrirframgreiðslur	15,245,462	11,245,402
<b>Handbært fé:</b>		
Sjóður og bankainnstæður	388,330,002	610,529,956
<b>Veltufjármunir</b>	<u>982,510,840</u>	<u>1,350,059,861</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>12,706,901,822</u>	<u>12,785,406,540</u>

# 31. desember 2009

## Skuldir og eigið fé

	2009	2008
<b>Eigið fé</b>		
Óráðstafað eigið fé	<u>10,551,114,288</u>	<u>10,447,261,445</u>
<b>Eigið fé samtals</b>	<u>10,551,114,288</u>	<u>10,447,261,445</u>
<b>Skuldbindingar</b>		
<b>Lífeyrisskuldbindingar</b>		
Áætluð lífeyrisþátttaka næsta árs	84,164,000	84,164,000
	<u>( 6,600,000)</u>	<u>( 8,416,400)</u>
<b>Skuldbindingar</b>	<u>77,564,000</u>	<u>75,747,600</u>
<b>Langtímaskuldir</b>		
Langtímaskuldir	1,751,306,718	1,889,156,236
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>( 87,563,741)</u>	<u>( 269,745,440)</u>
<b>Langtímaskuldir</b>	<u>1,663,742,977</u>	<u>1,619,410,796</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir	184,119,433	294,047,355
Ýmsar skammtímaskuldir	136,197,383	70,777,504
Áætluð lífeyrisþátttaka næsta árs	6,600,000	8,416,400
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>87,563,741</u>	<u>269,745,440</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>	<u>414,480,557</u>	<u>642,986,699</u>
<b>Skuldir samtals</b>	<u>2,155,787,534</u>	<u>2,338,145,095</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<u>12,706,901,822</u>	<u>12,785,406,540</u>

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 26. febrúar 2010

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Theodór Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi



